

## Börn sem aðstandendur - verkferill Andlát foreldris



### Heilsugæslan upplýst um andlát

Við andlát foreldris ber sá heilbrigðisstarfsmaður sem gefur út dánarvottorð ábyrgð á að láta heilsugæsluna í hverfi lögheimilis barnsins vita ef til staðar eru eftirlifandi börn undir 18 ára aldri



### Barn fær viðtal

Tilkynning berist til forsvarsmanns hjúkrunarþjónustu viðkomandi stöðvar sem sér til þess að barni/forsjáraðila verði boðið viðtal við heilbrigðisstarfsmann, svo sem starfsmann sem hefur þjálfun sem tengiliður.



### Stuðningur við barn

Heilbrigðisstarfsmaður ræðir við forsjáraðila og barn og kannar þörf fyrir stuðning vegna andláts foreldris. Telji heilbrigðisstarfsmaður að barnið þurfi frekari þjónustu skal hann virkja tengilið.



### Stuðningur við forsjáraðila

Þegar um er að ræða andlát foreldris ber heilsugæslunni að bjóða eftirlifandi foreldri /forsjáraðila barns reglubundin viðtöl við heilbrigðisstarfsmann. Markmið þeirra viðtala er aðstoð við að styðja barnið og treysta velferð þess



### Stuðningur í skóla

Heilbrigðisstarfsmaður skal hafa samband við skóla barnsins í samráði við forsjáraðila til að tryggja stuðning og eftirfylgd við barnið - þetta á við hvort sem barn er í leik- grunn- eða framhaldsskóla.



### Réttur barns

Veita skal upplýsingar um [lagalegan rétt barns til umgengni](#) við nána vandamenn þess foreldris sem er látið